

## Svar

### **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um innflutning á laxafóðri.**

Ráðuneytið leitaði til Matvælastofnunar varðandi þær upplýsingar sem óskað er eftir í fyrirspurninni.

1. *Hve mikið var flutt inn af fóðri til laxeldis frá 1. janúar 2015 til 30. september 2020, flokkað eftir mánuðum?*

Meðfylgjandi tafla sýnir magn innflutts fiskeldisfóðurs í einstaka mánuðum frá 2015 til 2020. Tekið skal fram að ekki er unnt að sundurgreina fiskeldisfóður eftir tegundum en þó er meginhluti innflutts fóðurs nýtt í laxeldi. Allar magntölur í töflunni eru í kílóum.

**Tafla 1. Innflutt tilbúið fiskeldisfóður í kílóum frá 1. janúar 2015 til 31. júlí 2020.**

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Janúar	191.895	57.438	1.087.751	460.108	2.928.890	3.444.985
Febrúar	450.425	159.980	249.130	112.924	1.774.330	1.522.400
Mars	211.630	121.494	391.565	506.831	1.732.530	2.276.554
April	188.812	1.316.885	2.237.520	619.446	747.870	1.476.100
Maí	46.888	920.294	474.405	1.279.800	1.493.878	1.995.270
Júní	195.930	745.689	1.923.870	2.206.308	4.517.797	5.745.230
Júlí	732.850	1.971.505	1.123.757	1.666.232	4.236.465	7.253.850
Ágúst	2.111.138	2.827.580	169.751	1.673.050	4.927.840	
September	1.092.875	2.322.244	438.750	2.479.230	6.075.049	
Október	1.473.905	1.154.894	757.910	1.516.875	5.056.502	
Nóvember	825.150	2.367.630	547.915	3.642.405	5.491.830	
Desember	1.460.230	27.505	843.410	977.500	3.213.820	

Heimild: Matvælastofnun.

2. *Í hvaða löndum var fóðrið framleitt og hversu mikið var framleitt í hverju landi, sundurliðað eftir fyrrgreindum árum?*
3. *Frá hvaða löndum var fóðrið flutt inn og hversu mikið var flutt inn frá hverju landi, sundurliðað eftir fyrrgreindum árum?*

Eftirsandi tafla sýnir innflutning á tilbúnu fiskeldisfóðri eftir löndum. Allar magntölur eru í kg. Fóðrið er að öllu jöfnu keypt beint frá framleiðanda og því er útflutningsland og framleiðsluland nær alltaf það sama. Aðalframleiðslulöndin eru Noregur, Bretland og Færøyjar, einnig kemur fóður frá Danmörku og Spáni og svo örlítið frá Belgíu og Frakklandi.

**Tafla 2. Innflutt tilbúið fiskeldisfóður í kílóum  
frá 1. janúar 2015 til 31. júlí 2020 eftir löndum.**

	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Bandaríkin					100	
Belgía	25.000	571	930	346	88	54
Bretland	2.996.060	5.011.175	436.000	1.070.000	771.412	5.995.625
Dannmörk	237.275	304.175	413.661	853.111	820.920	436.440
Frakkland		32	32			
Færeyjar	498.000	2.225.000	3.654.000	4.225.000	3.107.500	3.029.000
Noregur	4.434.360	6.692.821	5.532.166	10.667.952	36.751.176	13.497.645
Spánn	555.310	129.350	206.945	236.215	391.385	265.810

Heimild: Matvælastofnun.

4. *Sinna stjórnvöld eftirliti og rannsóknum á efnainnihaldi innflutts laxafóðurs? Ef svo er, með hvaða hætti?*
5. *Hversu hátt var hlutfall sojamjöls í innfluttu laxafóðri, sundurlíðað eftir fyrrgreindum árum?*

Matvælastofnun hefur haldið skrá um leyfilegt fóður á markaði og þurftu innflytjendur að senda stofnuninni upplýsingar um innihald fóðursins og staðfestingu þess að framleiðandi væri með tilskilin landsbundin leyfi. Á grundvelli þessa var innflutningstöllum haldið til haga, því ekki mátti flytja inn annað fóður en það sem var á skrá Matvælastofnunar.

Nú hefur þessi skráningarskylda verið lögð af og er því eftirliti beint að markaðseftirliti. Matvælastofnun hefur ekki tekið sýni af innfluttu fóðri, enda á framleiðsla þess að vera undir eftirliti lögbærra yfirvalda í framleiðslolandinu. Þó er fylgst með tilkynningum í hraðtilkynningakerfi Evrópu „RASFF“ (Rapid Alert System for Food and Feed) um óæskileg efni í fóðri og í gegn um það geta komið kröfur um nánara eftirlit, efnagreiningar og jafnvel innköllun fóðurs, í verstu tilfellum getur það leitt til innköllunar afurða. Til þessa hefur þó ekki komið hérlendis.

Eins og fram kemur í töflu 2 hér að framan hefur fóður nær eingöngu verið flutt inn frá löndum sem falla undir samræmdar reglur innan Evrópu varðandi eftirlit.

Hlutföll einstakra innihaldsefna eru ekki gefin upp í fóðri, hins vegar eru innihaldsefni gefin upp í lækkandi röð í fóðrinu, sbr. e-lið 17. gr. reglugerðar 744/2011 (sem innleiddi reglugerð 767/2009/EB) um merkingar og markaðssetningu fóðurs. Því liggja gögn um nákvæmar hlutfallstölur einstakra fóðurefna í fóðri ekki fyrir. Auk þess sem um fjölmargar fóðurtegundir er um að ræða. Því er ekki unnt að svara spurningunni um sojamjöl í þessu fóðri.